

a	á	b	c	d	ð	e	é	f
⠁	⠠	⠃	⠉	⠔	⠞	⠑	⠡	⠋
g	h	i	í	j	k	l	m	n
⠗	⠈	⠊	⠢	⠵	⠓	⠌	⠎	⠚
o	ó	p	q	r	s	t	u	ú
⠕	⠣	⠏	⠒	⠖	⠎	⠞	⠥	⠦
v	w	x	y	ý	z	þ	æ	ö
⠧	⠺	⠭	⠽	⠿	⠵	⠫	⠬	⠪
1	2	3	4	5	6	7	8	9
⠠	⠠	⠠	⠠	⠠	⠠	⠠	⠠	⠠
0	10	.	?	()	@	%	
⠠	⠠	⠠	⠠	⠠	⠠	⠠	⠠	

Hafið samband við okkur

Starfsfólk Miðstöðvarinnar er ávallt reiðubúið að svara spurningum og fyrirspurnum. Við hvetjum alla til að hafa samband við okkur ef einhverjar spurningar vakna um málefni blindra, sjónskertra og daufblindra og þjónustu og ráðgjöf við notendur, aðstandendur og/eða fagfólk.

Hvar erum við?

Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin er á 5. hæð í Hamrahlíð 17 í Reykjavík.

Hvenær er opið?

Miðstöðin er opin alla virka daga frá kl. 9 til 16.

Tímamantanir í síma 545 5800

Hjá ráðgjöfum, augnlækni og sjónfræðingum.

Nánari upplýsingar á www.midstod.is

Nánari upplýsingar má einnig fá á heimasíðu Miðstöðvarinnar, www.midstod.is.



Punktaletur Braille



Þjónustu- og þekkingarmiðstöð
fyrir blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga

Punktaletur

Árið 1825 kynnti Frakkinn Louis Braille (1809-1852) punktalettrið sem notað er af blindum um allan heim. Letrið byggist á upphleyptum punktum sem tákna bókstafi, tölur, stærðfræðitákn og nótur svo fátt eitt sé nefnt. Í daglegu tali er það kallað punktaletur eða braille.

Á punktalettri líta stafirnir a-z eins út í flestum löndum, en sérstafir hvers lands, tölur, greinarmerki o.fl. geta verið mismunandi.

Punktaletur er blindum jafn nauðsynlegt og svartletur er fyrir sjáandi, t.d. fyrir skólann, tómstundir, yndislestur og tölvunotkun.

Punktalettrið barst hingað til lands á þriðja áratug síðustu aldar.



Lestur punktaleturs

Þeir sem lesa hraðast nota báðar hendur þannig að þeir lesa með vinstri hönd að miðri leslínunni, þá tekur sú hægri við og les að enda línunnar á meðan sú vinstri fer niður í þá næstu og les hana að miðju og þannig koll af kolli. Það má því segja að sú vinstri lesi vinstri helming lesmálsins og sú hægri þann hægri. Þeir sem ná tökum á þessari tækni ná yfirleitt góðum lestrarhraða.

Punktaletursformið

Punktalettrið er uppbyggt af sex upphleyptum punktum. Punktunum er raðað í tvær lóðréttar raðir og eru punktarnir taldir ofan frá og niður 1, 2 og 3 í fyrri röð og 4, 5 og 6 í seinni röð. Með því að raða punktunum saman á ólíkan hátt má fá út 63 tákn. Því til viðbótar kemur bilið á milli tákna, 64. táknið, sem er autt.

Átta punkta letur eða punktaletur er uppbyggt af átta punktum þar sem 7. og 8. punkturinn bætast neðan við hina sex punktana. Það er aðallega notað til þess að lesa af punktaletursskjá, sem er aukabúnaður við tölvu. Með honum er hægt að lesa það sem birtist á venjulegum tölvuskjá. Með átta punktum er hægt að raða saman punktunum á 255 ólíka vegu. Þeir eru númeraðir á eftirfarandi hátt:

**Að læra að lesa og skrifa punktaletur**

Allir geta lært að lesa punktaletur. Kennsluaðferðir eru í öllum tilfellum einstaklingsbundnar og fara þær t.d. eftir því hvort verið er að kenna barni eða fullorðnum einstaklingi að lesa.

Sérstök ritvél er notuð til að skrifa lettrið, svokölluð punktaletursritvél. Ritvélin hefur sex skriftartakka, þrjá vinstra megin og þrjá hægra megin en á milli þeirra er takki sem slegið er á vilji menn gera bil á milli orða.

Oftast er stuðst við kennsluhefti þar sem stafir eru lagðir inn smátt og smátt og lesnar æfingar á milli sem byggja á þeim stöfum sem nemandinn hefur þegar lært. Samhliða eru oft gerðar skriftaræfingar, en æfingar í notkun ritvélarinnar eru afar nauðsynlegar til að ná betri tökum á letrinu.

Kennarar barna sækja námskeið hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga til að vera í stakk búnir til að sinna kennslu punktaleturs. Sérfræðingar Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar sjá um kennslu barnanna eftir atvikum.

Lögð er áhersla á að kenna einstaklingum með hrörnandi sjón punktaletur og er það gert í því skyni að þeir séu betur undirbúnir þegar þeir geta ekki lengur nýtt sér hefðbundið prentletur.